

Aðalfundur FEB 2022

haldinn þann 8. mars kl. 13:30 í Gullhömrum

Dagskrá fundarins er samkvæmt lögum félagsins:

- A. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- B. Lögð fram skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.
- C. Lagðir fram endurskoðaðir og áritaðir ársreikningar félagsins ásamt fjárhagsáætlun rekstrarársins.
- D. Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikning og fjárhagsáætlun.
- E. Lagabreytingar.
- F. Kosningar:
 - 1. Kosning formanns.
 - 2. kl. 15:00 Kosning þriggja manna í stjórn og þriggja varamanna sbr. grein 5.2.
 - 3. Kosning tveggja skoðunarmanna ársreikninga og eins til vara.
- G. Afgreiðsla tillagna og erinda sem lögð hafa verið fyrir fundinn.
- H. Tekin ákvörðun um árgjald félagsmanna árið 2022.
- I. Afgreiðsla tillögu stjórnar um árgjald til Landsambands eldri borgara, LEB ef um aðild er að ræða
- J. Önnur mál.

-
- 1. Fundarsetning, **Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður** setur fundinn og heldur stutta tölu.
 - 2. Formaður stingur upp á **Halldóri Oddssyni** sem fundarstjóra (samþykkt með lófataki)
 - 3. Formaður stingur upp á **Ólafi Erni Ingólfssyni** sé fundarritari (samþykkt með lófataki)
 - 4. Formaður afhendir **Halldóri Oddssyni** stjórnina á fundinum
 - 5. Fundarstjóri tekur við stjórn fundarins
 - 6. Fundarstjóri lýsir því hvernig til fundarins var boðað
 - Skv. 6.2. í lögum FEB, skal aðalfundinn halda ár hvert í febrúar eða mars.
 - Minnst fjórum vikum fyrir fundinn skal félagsmönnum tilkynnt um dagsetningu hans með tölvupósti og á heimasíðu félagsins
 - Pann 7. febrúar á heimasíðu FEB og með fjöldapósti til félagsmanna , var aðalfundur boðaður þann 8. mars, eða rúmum fjórum viku fyrir fundinn.
 - Boða skal til aðalfundar með auglýsingu í fjölmöglum með minnst einnar viku fyrirvara

- Aðalfundur þann 8. mars var auglýstur í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu að morgni 1. mars eða viku fyrir boðaðan dag.
- 7. Fundarstjóri lýsir því yfir að fundurinn hafi verið rétt boðaður samkvæmt lögum félagsins og sé hann þar með löglegur.
- 8. Fundarstjóri fer yfir dagskrá fundarins.
- 9. Fundarstjóri leggur til að færa kosningu til stjórnar fram til kl. 14:30
- 10. Skýrsla stjórnar FEB um starfsemi félagsins árið 2021-2022. Formaður, Ingibjörg H. Sverrisdóttir flytur skýrslu stjórnar.
- 11. Lagður fram endurskoðaður ársreikningur félagsins. Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB fer yfir reikningana.
- 12. Fjárhagsáætlun félagsins kynnt, Dýrleif Guðjónsdóttir kynnir
- 13. Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikning og fjárhagsáætlun
- 14. Fundarstjóri ber upp reikninga félagsins og fjárhagsáætlun. Greitt er atkvæði með handuppréttingu og voru reikningar og fjárhagsáætlun samþykkt.
- 15. Lagabreytingar. Finnur Birgisson kynnir
- 16. Lagabreytingar bornar upp og voru þær samþykktar
- 17. Kosning formanns, Þorkell Sigurlaugsson hefur dregið framboð sitt til baka en óskar eftir að skýra mál sitt sem er samþykkt.
- 18. Fundarstjóri kynnir að Ingibjörg H. Sverrisdóttir sé ein í framboði til formanns og er hún því sjálfkjörin.
- 19. Fundarstjóri býður formanni að ávarpa fundinn í stuttu máli sem hún og gerir.
- 20. Kl. 14:30 kynnir fundarstjóri kosningu til aðal- og varamanna í stjórn.
 - Það eru 6 í aðalstjórn fyrir utan formann og 3 varamenn. Geir A. Guðsteinsson, Ingibjörg Óskarsdóttir og Ólafur Örn Ingólfsson sitja áfram í stjórn til ársins 2023 og því þarf að kjósa um 3 aðalmenn og 3 varamenn.
 - Þau Kári Jónasson, Kolbrún Stefánsdóttir, Sigurbjörg Gísladóttir, Viðar Eggertsson og Halldór Frímannsson bjóða sig fram til endurkjörs.
- 21. Frambjóðendur kynntir og þeir beðnir að standa upp þegar nafn þeirra er nefnt (Gunnar Ólafur Kvaran og Gunnlaugur K. Jónsson sem eru á kynningarblöðum í fundargögnum hafa dregið framboð sín til baka)
- 22. Nöfn frambjóðenda er í stafrófsröð, fyrsta nafnið var valið með útdrátti skv. grein 11.6 í lögum félagsins

Kári Jónasson
Kolbrún Stefánsdóttir
Sigurbjörg Gísladóttir
Viðar Eggertsson
Halldór Frímannsson
Jón Kristján Árnason

- **Þorbjörn Guðmundsson**, formaður kjörnefndar, kynnir hvernig raðast í stjórn og varastjórn eftir kosningar. Aðeins skal kjósa 3 nöfn. Þeir sem flest atkvæði fá í 3 efstu sæti eru aðalmenn en hinir eru varamenn.
 - **Merkja/krossa** skal við 3 nöfn á seðlinum, hvorki fleiri né færri - annað veldur ógildingu
 - **Fundarstjóri** segir kosninguna byrjaða
23. Fundarstjóri kynnir kosningu á skoðunarmönnum ársreikninga. Tillaga um eftifarandi skoðunarmenn:
- # Ólafur Gränz
Guðrún Árnadóttir
Jóhann G. Ásgrímsson, til vara
- Þar sem ekki bárust aðrar tillögur að skoðunarmönnum þá skoðast þau sjálfkjörin.
25. Engar tillögur og/eða erindi skv. lið G) bárust fyrir fundinn og er þessi liður því afgreiddur
26. Ákvörðun um árgjald félagsmanna árið 2022. Stjórn FEB leggur til að árgjaldið verði óbreytt eða kr. 5.000. Samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.
27. Árgjald til Landssambands eldri borgara. Aðalfundur samþykkti fyrr í dag að fella niður staflið I) í dagskrá félagins og er þessi liður því afgreiddur.
28. Niðurstaða kosninga til stjórnar kynntar af Þorbirni Guðmundssyni

Atkvæði greiddu 150 og var 1 seðill ógildur.
Atkvæði féllu þannig:

| | |
|------------------------|-------------|
| Kári Jónasson | 113 atkvæði |
| Kolbrún Stefánsdóttir | 100 atkvæði |
| Sigurbjörg Gísladóttir | 85 atkvæði |
| Viðar Eggertsson | 68 atkvæði |
| Halldór Frímannsson | 62 atkvæði |
| Jón Kristján Árnason | 19 atkvæði |

Kári, Kolbrún og Sigurbjörg eru því réttkjörin aðalmenn til 2ja ára en Viðar, Halldór og Jón Kristján eru varamenn til 1 árs.

29. Önnur mál

- Nokkrir fundarmenn tóku til máls undir þessum lið. Var m.a. getið um fólk á hjúkrunarheimilum, nafn félagsins (félag "eldri" borgara) og reglur um starfslok við 70 ára aldur. ofl.
- Fráfarandi stjórnarmanni Finni Birgissyni þökkuð góð störf á liðnum árum af framkvæmdastjóra FEB og honum afhent blóm.

Fundí slitið

Íslandsfélag
Ólaf Þorðarson